

Ed. **500. Frumvarp til laga** [38. mál.]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist:

Nú vinnur kona framteljanda utan heimilis, þó ekki við fyrirtæki hans, og má þá frádráttarbær kostnaður vegna heimilisstjórnar nema þeim launum, sem ráðskonu sannanlega eru greidd, en þó ekki hærri upphæð en konan vinnur sér inn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmdar við álagningu skatta árið 1951.